


Andlát

Asta K. Ímsland, lést 7. janúar í Skjólí.
Guðjón B. Baldvinsson fv. deildarstjóri, Hagamel 27, lést á Landspítalanum laugardaginn 6. janúar.
Stefanía Guðjónsdóttir, Suðurgötu 4, andaðist í Landakotsspítala 6. janúar.
Laufey Benediktsdóttir frá Akureyri lést í sjúkrahúsi Akraness sunnudaginn 7. janúar.
Magnús Björnsson, Hrauntungu 83, Kópavogi, lést í Landspítalanum sunnudaginn 7. janúar.
Baldur Jónsson, Miðvangi 29, Hafnarfirði, lést í Borgarspítalanum laugardaginn 6. janúar.

Jarðarfarir



Sigríður L. Jóhannsdóttir lést 26. desember. Hún fæddist 24. apríl 1893 í Árgerði, Svarfaðardal, en ólst upp á Sauðanesi á Upsaströnd. Foreldrar hennar voru hjónin Þóra Baldvinsdóttir og Jóhann Gunnlaugsson. Sigríður giftist Jóhanni Bjarnasyni og bjuggu þau á Siglufirði þar til Jóhann lést. Þau eignuðust eina dóttur. Lára var forstöðukona Gesta- og sjómannaheimilisins á Siglufirði um árabil. Hún starfaði einnig í stúkunní Framsókn og var heiðursfélagi í Stórstúku Íslands. Eftir lát Jóhanns fluttu þær mæðgur til Reykjavíkur. Þar starfaði Lára í Ísborg í Austurstræti meðan aldur og heilsa leyfði. Útför hennar verður gerð frá Dómkirkjunni í dag kl. 13.30.



Sveinbjörn Helgason lést 26. desember. Hann var fæddur 26. desember 1908 á Húsavík. Foreldrar hans voru hjónin Jóhanna Jóhannsdóttir og Helgi Flórentsson. Sveinbjörn starfaði lengst af við sjómennsku. Eftir að í land kom fór hann að vinna hjá Vélsmiðju Hafnarfjarðar og síðar um tíma hjá Jósafat Hinrikssyni. Hann giftist Fjólu Guðmundsdóttur en hún lést árið 1978. Þau hjónin eignuðust eina dóttur. Útför Sveinbjörns verður gerð frá Fossvogskirkju í dag kl. 15.

Sigríður Helgadóttir, Grund, Garði, lést 30. desember á vistheimilinu Garðvangi. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.
Vilborg Jónsdóttir Dam, lést 27. desember. Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.
Lára Magnúsdóttir lést í Borgarspítalanum 25. desember. Jarðarförin fer fram í Dómkirkjunni á morgun, miðvikudaginn 10. janúar, kl. 13.30.

Útfararathöfn Friðriks Sigurjónssonar, Fornustekkingum, sem andaðist 4. janúar, verður 11. janúar kl. 14 í Bjarnastaðakirkju í Hornarfirði.
Kristmundur S. Snæbjörnsson, Nökkvavogi 48, verður jarðsönginn frá Fossvogskirkju í dag, þriðjudaginn 9. janúar kl. 13.30.
Þórdís Magnúsdóttir, Haðarstíg 18, verður jarðsett frá Fossvogskirkju miðvikudaginn 10. janúar kl. 10.30.
Rögnvaldur Ingvar Helgason frá Borðeyri verður jarðsönginn frá Prestbakkakirkju laugardaginn 13. janúar kl. 14.
Útför Jónfríðar Gísladóttur verður gerð frá Fossvogskapelli miðvikudaginn 10. janúar kl. 15.

Dagbjört Eiríksdóttir fóstura, Kleppsvogi 120, Reykjavík, sem andaðist á gjörgæsludeild Borgarspítalans aðfaranótt 31. desember, verður jarðsöngin frá Áskirkju miðvikudaginn 10. janúar kl. 15.
Sigurllíja Pétursdóttir, áður til heimilis á Hofsvallagötu 17, Reykjavík, verður jarðsöngin miðvikudaginn 10. janúar kl. 13.30 frá nýju Kapellunni í Fossvogi.
Útför Þrastar Leifssonar, Þórufelli 16, Reykjavík, fer fram frá Dómkirkjunni fimmtudaginn 11. janúar kl. 15. Bálför fer fram síðar.
Guðrún Árnadóttir hjúkrunarkona, Sólheimum 23, Reykjavík, verður jarðsöngin frá Langholtakirkju miðvikudaginn 10. janúar.
Valgerður Halldórsdóttir frá Hvanneyri, Selvogsgrunni 8, sem lést 1. janúar sl., verður jarðsöngin fimmtudaginn 11. janúar kl. 13.30 frá Dómkirkjunni í Reykjavík.

Námskeið

Ný ættfræðinámskeið

Hjá Ættfræðibjónustunni hefjast bráðlega ættfræðinámskeið, bæði fyrir byrjendur og lengra komna. Þar er veitt fræðsla um leitaraferðir sem eru í senn fljótvirkar og öruggar, gefið yfirlit um helstu ættfræðheimildir og leiðbeiningar veittar um gerð ættartölu og niðjatala. Þá fá þátttakendur tækifæri og aðstöðu til að þjálfast í verki við að rekja eigin ættir og frændgarð með afnotum af viðtæku gagnasafni, m.a. kirkjubókum um land allt, manntölum, ættartölumhandritum og úttefnum bókum. Leiðbeinandi á námskeiðunum er sem fyrr Jón Valur Jenson. Innritun er hafin hjá Ættfræðibjónustunni í síma 27101.

Tapað fundið

Grár fressköttur í óskilum

Tæplega árgamall grár fressköttur með ól um hálsinn, en botn merkitunnar týndur, fannst í Hlíðahjalla í Kópavogi að kvöldi 2. janúar. Upplýsingar í síma 45761 eftir kl. 18.



Læða týnd frá Hjarðarhaga

Þrjú læða, grá, hvít og brún, tapaðist frá Hjarðarhaga 46 31. desember sl. Hún var ómerkt. Ef einhver veit hvar hún er niðurkomin eða getur veitt upplýsingar um hana þá vinsamlegast hringið í síma 10520.

Frakki gleymdist í bíl

Sl. laugardagskvöld gleymdist ljós frakki í hvítri tveggja dyra Subaru Justy bifreið við Melabraut 33. Ökumaður er vinsamlegast beðinn að hafa samband við Bryndísi í síma 672406.

Fressköttur fannst í Kópavogi

Tæplega árgamall grár fressköttur með ól um hálsinn, en botn merkitunnar týnt, fannst í Hlíðahjalla, Kópavogi, að kvöldi 2. janúar. Upplýsingar í síma 45761 eftir kl. 18.

Tilkynningar

Hallgrímssókn – starf aldraðra

Leikfimin, undir stjórn Jóhönnu Sigríðar Sigurðardóttur sjúkráðgjafara, hefst aftur í dag og verður eftirleiddis á þriðjudögum kl. 12 og föstudögum kl. 10. Sömu


Menning

Heimatil- búnar ýkjur

Málverk Margrétar Jónsdóttur, sem nú opnar fyrstu sýningu ársins 1990 að Kjarvalsstöðum, eru ólík öllu öðru sem hér er gert í nafni málalistarinnar. Þar að auki er sýningin borin uppi af sjaldséðum metnaði og nýtur sín vel í upphengingu.

Myndlist

Aðalsteinn Ingólfsson



Margrét Jónsdóttir ásamt einu verka sinna.

Myndmál Margrétar, það er innviðir málverkanna, er að mestu í heimatilbúnum ýkjustíl. Þar ber mikið á uppblásnum eða mjúklegum verum, misjafnlega ummynduðum.

Þessar verur geta tekið á sig yfirbragð fornra skurðgoða, eru þá visast tákn fyrir staðnaða mynd karlmennskunnar, þekki ég þankagang listakonunnar rétt.

Annars staðar eru kynjaverur, ef til vill ættaðar úr skrímslafræðum miðalda, að minnsta kosti þykist ég sjá vindguðinn Æólus endurborinn í mäsandi og blásandi ásjónunum í myndum hennar.

Kannski er hann líka fulltrúi fyrir belgínglega karlunga, hvað veit ég.

Loks mál Margrétar hreinræktaðar teiknimyndafígúrir, áþekkar þeim sem hún hefur notað til bóklýsinga, sem mótvægi við blákalda alvöruna annars staðar í myndunum.

„Mótvægi“ er hér lykilorð því Margrét nær fram þeim áhrifum sem hún gerir fyrst og fremst með því að tefla saman andstæðum, og þá helst andstæðum í formi (liturinn virðist skipta hana minna máli), mykt gegn hörku, stærð gegn smæð, kímni gegn drunga, stækka síðan atburði á fletinum, svo og fletina sjálfa, upp úr öllu valdi, uns þeir verða bæði tilkomumiklir og ægilegir, krefja okkur um skýlaus viðbrögð.

Í ökkla eða eyra

Sjálfur hef ég aldrei haft viðbrögðin við þessum aðsópsmiklu dúkum alveg á hreinu, þar sem áherslur í þeim hafa ýmist verið í ökkla eða eyra: of almennar eða of sérviskulegar. Jafnvel í einu og sama verkinu. Með fullri virðingu fyrir því hugrekki listakonunnar að vinna ótraud úr eigin hugarórum.

Þetta er í stórum dráttum einkenni á yfirstandandi sýningu Margrétar að Kjarvalsstöðum, nema hvað hún kemur nú einnig til móts við okkur með hlutlægar myndum, til dæmis tröllslegum uppstillingum þar sem hversdagslegir hlutir eru bæði stækkaðir og skrumskældir.

Þarna er eitthvað að gerast sem ég átta mig ekki alveg á, en lætur mig ekki í friði. Sem segir vonandi sitt um sérkennilegt seiðmagn þessara mynda.

Sýning Margrétar stendur til 21. janúar nk.

-ai

Fréttir

Skotvopnum og öðrum verðmætum stolið úr sumarhúsi

– eigandi heitir góðum launum fyrir upplýsingar

Brotist var inn og verðmætum að andvirði hundraða þúsunda stolið úr sumarhúsinu Sóleyjarbakka við Stóru-Laxá í Hreppum um miðjan desember. Sneru þjófarnir í sundur keðju á hliði sumar-bústaðarlandsins og spörkuð síðan upp hurð þegar komið var að bústaðnum.

Það sem stolið var úr sumarbu-

staðnum voru sjálfvirk Browning haglabýssa með gíkkilæsingu, sex skota 22-calibera Bakal riffill, skotfæri, tveir sjónaukar, Blaupunkt sjónvarpstæki, Saba myndbands-tæki, þrjár kassar af bjór, nokkrar áfengisflöskur og ýmis handverkfæri.

Guðmundur Kristinsson, sem er eigandi sumarhússins, sagðist í

samtali við DV heita góðum launum til þeirra sem veitt geta upplýsingar um innbrotið. Guðmundur telur að sá eða þeir sem stálu verðmætunum úr sumarhúsi þessum þekki eitthvað til hans haga. Þeir sem veitt geta upplýsingar eru beðnir um að hafa samband við Rannsóknarlögreglu ríkisins í síma 44000. -ÓTT

daga verður einnig fótisyrting og hárgreiðsla. Panta skal sömu daga í síma kirkjunnar, 10745.

Teiknaðu Hróa Hött

Leikfélag Hafnarfjarðar hóf æfingar á barnaleikriti um Hróa Hött þann 30. des. sl. Höfundur leikgerðar og leikstjóri er Guðjón Sigvaldason. Í tengslum við uppsetninguna verður efnt til teiknisamkeppni sem opin verður öllum börnum á aldrinum 6-12 ára. Myndefnið verður að sjálfsgöðu Hrói og félagar hans. Bláa-stærð skal vera A-3 og greinilega merkt nafni og heimilisfangi teiknara. Myndirnar skulu sendast Leikfélagi Hafnarfjarðar, pósthólf 116, 220 Hafnarfjörður. Vegleg verðlaun eru í boði og hefur Lego gengið til samstarfs við leikfélagið um

frankvæmd keppinnar. Það verður 5 manna dómnefnd sem velur álitlegustu myndirnar, sem síðan verða til sýnis gestum og gangandi í leikhúsinu og víðar. Gögn um keppnina verða send öllum grunnskólum landsins. Skilafrestur rennur út 8. febrúar. Niðurstöður verða kynntar 20. febrúar. Allar frekari upplýsingar veitir Erlendur í síma 91-25194.

Styrkveiting úr minningar-sjóði Gunnars Thoroddsen

29. desember sl. fór fram í fjórða sinn styrkveiting úr Minningarsjóði Gunnars Thoroddsen. Sjóðurinn var stofnaður af hjónunum Bentu og Valgarði Briem 29. des. 1985, þegar liðin voru 75 ár frá fæðingu Gunnars. Styrkþegi er að þessu sinni Ólafía Hrönn Jónsdóttir leikkona.



Ólafía lauk prófi frá Leiklistarskóla Íslands árið 1987 og hefur síðan leikið með ýmsum leikhópum. Frú Vala Thoroddsen afhenti styrkinn sem að þessu sinni var að fjárhæð kr. 200.000. Athöfnin fór fram í Höfða.